

5. júní 2020

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Umsögn deiliskipulagstillögu fyrir Þorgeirsstaði í Lóni

Með bréfi dagsettu 25. maí sl. óskaði umhverfis- og skipulagsstjóri f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi í landi Þorgeirsstaða í Lóni. Til grundvallar var greinargerð frá Eflu dagsett 13. janúar 2020 ásamt uppdrætti.

Umsögn þessi er unnin með hliðsjón af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerðum og samþykktum sem á lögnum byggja. Einnig er horft til laga nr. 93/1995 um matvæli.

Á Þorgeirsstöðum er nú þegar rekin ferðaþjónusta og fram kemur að tilgangur skipulagsvinnunnar sé frekari uppbygging hennar m.a. með því að breyta eldri húsum, byggja ný og útbúa tjaldstæði. Í gildi er starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir sölu gistingu á Þorgeirsstöðum auk vatnsveitu.

Fram kemur að í tengslum við uppbyggingu tjaldstæðis þurfi að útbúa nýtt vatnsból og kemur fyrirhuguð staðsetning þess fram á uppdrætti ásamt vatnsverndarsvæði. Í kafla um fráveitu kemur fram að skoðað verði hvort fráveita frá tjaldstæði verði útbúin til að þjónusta húsbýla/hjólhýsi. *Eindregið er hvatt til þess að á tjaldstæðinu verði aðstaða til losa salernistanka húsbíla og ferðavagna.*

Þeim möguleika er velt upp að á byggingarreit B2 verði e.t.v. veitingasala að því tilefni er vakin athygli á að skv. samþykkt um fráveitur í sveitarfélaginu er gerð krafa um að fráveituvatn frá veitingastöðum skuli forhreinsað í fitugildru.

Fram kemur að svæðinu standi til að reisa tvær smávirkjanir 125 kWh og 65 kWh. Virkjanir undir 2 MW eru ekki starfsleyfis skyldar skv. reglugerð 550/2018.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

